

# SOS BARNAPORPIN

FRÉTTABLAÐ 3. TBL. 22 ÁRG. 2016



**SOS  
BARNAPORPIN**

Öll börn vilja gott heimili



# FYRSTU KYNNI

Ég fæ að sjá hann eftir smá stund! Ég verð að róa mig. Mun mér líka við hann? Hvernig mun hann taka við mér? Ég horfi frá rúmi til rúms. Mér finnst ég vera dáleidd. Ég sé veikbyggðan líkama hans, flókna hárið. Hann opnar svefndrukkin augun. Fyrst sér hann konurnar í hvítu og svo lítur hann forvitnilega til mín. Ég sé augun hans – og brosið. Það er það sem mér hefur alltaf fundist svo magnað hjá fólki. Ég hugsa með mér „Guð, mun ég geta elskað hann?“ Með hraðan hjartslátt tek ég hann í fangið. Hann faðmar mig án ótta og mér bregður við fast hald hans á jakkanum mínum. Hann virðir andlitið mitt fyrir sér með stórum, brúnum augunum.

Við förum í stuttan göngutúr saman. Ég reyni að setja hann í rólu, en hann heldur svo fast í mig að við verðum að róla saman. Ég horfi á tómu róluna við hliðina á okkur og lag sem ég hafði næstum gleymt kemur til baka til mín: „Hversu margar tómar rólur í öllum heiminum?“ Hlýr straumur léttis fer um líkama minn og kvíðinn hverfur.

Minningarnar fara með mig til baka til minnar eigin barnæsku og fríanna okkar í sveitinni. Sitjandi í ruggustólnum hans afa flýg ég yfir fjallstoppa, læki, borgir og bæi þar til ég sé mömmu mína og pabba. Ég reyni að hrópa hærra en vindurinn, reyni að segja þeim hversu ánægð ég er. En þau lyfta ekki einu sinni upp höfðunum; þau sjá mig ekki svona hátt uppi í skýjunum. Ég held fast utan um barnið og leyfi tárunum að leka; ég faðma hann og kyssi.

Við förum til baka í herbergið og kveðjum hjúkrunarkonurnar. Hægt og rólega göngum við eftir ganginum. Ég heyri í börnum gráta. Hlýi straumurinn er horfinn. Skildi ég hann eftir hjá rólunum? Eða uppi í skýjunum?

En hjartað mitt finnur hjartslátt sonar míns. Traustir handleggir hans faðma mig. Hlýi straumurinn snýr aftur og fer í gegnum okkur bæði. Við höldum af stað heim saman.

*Sevda Iskrenova, SOS-móðir í Trjavna, Búlgaríu.*





# FRÁ FRAMKVÆMDASTJÓRA

## Hálfur milljarður

### Gleðilega hátíð og takk fyrir stuðninginn á árinu 2016.

Munaðarlaus og yfirgefin börn á vegum SOS Barnaþorpanna hafa aldrei notið eins öflugs stuðnings frá Íslendingum og á árinu 2016. Þegar þessi orð eru skrifuð stefnir í að framlög ársins muni verða um hálfur milljarður króna.

Sem fyrr er það metnaður okkar að sem mest af þessum fjármunum fari í verkefni í fátækari ríkjum heimsins. Í fyrra sendum við 85% af hverri krónu til verkefna sem þýðir að kostnaður hér á landi var aðeins 15%. Ef þú kynnir þér rekstur annarra hjálpar- og mannúðarsamtaka muntu líklega komast að því að kostnaður SOS er með því lægra sem gerist. Það þýðir bara eitt: börnin fá meira.

### Vegleg erfðagjöf

Undir lok árs fengu SOS Barnaþorpin á Íslandi stærstu einstöku gjöf sem samtökin hafa nokkru sinni fengið. Um er að ræða erfðagjöf frá Renötu Scholtz sem lést á árinu 2015. Renate hafði gert erfðaskrá og arfleitt SOS að íbúð sinni í Hafnarfirði sem metin er á yfir 30 milljónir króna. Ljóst má vera að mikill fjöldi barna mun njóta góðs af þessari ákvörðun Renötu sem augljóslega bar hag umkomulausra barna fyrir brjósti.

### Ulla

Ekki er hægt að skrifa kveðju í lok árs án þess að minnst á Ullu Magnússon sem á mestan heiður allra að því að SOS Barnaþorpin hófu starfsemi hér á landi og hafa hjálpað eins mörgum börnum og raun ber vitni. Ulla lést sl. vor og við minnumst hennar með söknuði og þakklæti. Hún kenndi okkur ráðdeild og var alltaf umhugað um hverja krónu. Sú arfleifð hennar lifir áfram hjá SOS Barnaþorpunum á Íslandi og mun vonandi gera um ókomna tíð.

### Þakkir

Að lokum vil ég óska þér og þínum gleðilegs nýs árs og þakka kærlega fyrir stuðninginn við börnin á árinu 2016. Ég vona að SOS Barnaþorpin og þú munið áfram eiga samleið í að gera heiminn betri fyrir munaðarlaus og yfirgefin börn, enda þurfa þau svo sannarlega á hjálp að halda.

Takk fyrir þína hjálp

Ragnar Schram



**Útgefandi:** SOS Barnaþorpin á Íslandi  
**Ábyrgðarmaður:** Ragnar Schram  
**Ritstjóri:** Halla Þórey Victorsdóttir  
**Heimilisfang:** SOS Barnaþorpin  
Hamraborg 1 | 200 Kópavogi  
**Sími:** 564 2910  
sos@sos.is | www.sos.is  
**Umbrot:** Hype Markaðsstofa  
**Prentun:** Oddi  
**Prófarkalestur:**  
Ragnar Ingi Aðalsteinsson  
**Forsíðumynd:** Drengur í SOS  
Barnaþorpinu í Monaragala í Srí  
Lanka.

# NEYÐARAÐSTOÐ ÁRSINS 2016

Ýmislegt hefur gengið á í heiminum þetta árið og þörf fyrir neyðaraðstoð hefur verið mikil. Hér eru dæmi um tvö verkefni sem SOS á alþjóðavísu hafa tekið þátt í. Verkefni SOS eru þó mun fleiri.

## STRÍÐIÐ Í SÝRLANDI

Bráðum líður að sjötta ári átaka í Sýrlandi og enn er ekki friðarlausn í sjónmáli. Um 300.000 - 425.000 Sýrlendingar hafa látið lífið í átökunum og um tvær milljónir hafa slasast. Um helmingur þjóðarinnar hefur þurft að flýja heimili sín.

Átökin hófust árið 2011 og áttu upptök sín í mótmælum í Miðausturlöndum sem urðu þekkt undir heitinu Arabíska vorið. Í mars á sama ári brutust friðsamleg mótmæli út í Sýrlandi sem þróuðust út í ofbeldisfull átök milli Sýrlandsstjórnar og uppreisnaraðila sem vildu binda endi á völd stjórnarinnar. Sýrland hóf þá ferð sína inn í borgarastyrjöldina sem nú hefur geisað í 5 ár.

Árið 2010 bjuggu 22.5 milljónir í Sýrlandi og þar af 2.5 milljónir í höfuðborginni Damaskus. Nú er talið að um 13.4 milljónir Sýrlendinga séu í þörf fyrir neyðaraðstoð og þar af búa 8 milljónir á áttaksvæðum þar sem aðgengi að neyðaraðstoð er lítið. Meira en 6.6 milljónir eru á flóttu innan landsins og tæplega 5 milljónir hafa flúið land.

## BÖRN Í SÝRLANDI

Talið er að stríðið hafi haft áhrif á sex milljónir barna. Heimili þeirra hafa skemmst og fjöldi götubarna hefur aukist mikið.

2.7 milljónir barna hafa orðið fyrir áfalli. Þau hafa orðið vitni að ofbeldi og misst fjölskyldu og vini. Yfir tvær milljónir barna ganga ekki í skóla og eðlilegir hlutir líkt og að fara út að leika sér eru ekki lengur í boði.

*“Sýrlensk börn þekkja ekkert annað en stríð, átök, dauða og eyðileggingu og það er rétt hægt að ímynda sér hvaða áhrif þetta hefur á heimsmynd þeirra.*

*Til að hjálpa þessum börnum þurfum við að hætta stríðum og átökum, eyðileggingu og dauða. Vesturlöndin halda að sprengingar í Sýrlandi séu lausn við stríðinu, en þessi aðferð eykur aðeins við stríð og átök. Börn lifa við stöðuga ógn, hræðslu og hættur. Þörf er á betri pólitískum lausnum til að leysa vandamál Sýrlands.*

– Paul Boyle, áfallasérfræðingur”

## SOS Í SÝRLANDI

SOS Barnaþorpin hafa starfað í Sýrlandi í yfir 40 ár og hafa því getað haldið uppi öflugum hjálparstarfi í landinu frá upphafi stríðsins.

SOS í Sýrlandi ráku tvö barnaþorp í landinu áður en átök hófust. Fyrsta þorpið var byggt í Damaskus árið 1981 og seinna þorpið var opnað í Aleppo 19 árum síðar.

Árið 2012 var þorpið í Aleppo rýmt vegna átaka og flestar fjölskyldur fluttar til Damaskus. Þar lifðu þær nokkuð örugglega þar til þorpið var rýmt í september 2016 og stjórnarher Sýrlands tók þorpið tímabundið yfir. Börnin fluttu aftur í þorpið um mánuði seinna. Í desember opnaði svo nýtt SOS Barnaþorp í Damaskus en þar er pláss fyrir 150 börn.



Börn í SOS Barnahorpi í Damaskus

## NEYÐARAÐSTOÐ

SOS hafa haldið ýmiss konar neyðaraðstoð uppi í landinu við erfiðar aðstæður. Megináhersla hefur verið lögð á Aleppo og svæði í nágrenni við borgina en starfsemi hefur einnig verið í Damaskus.

Það er afar erfitt að halda uppi neyðaraðstoð á átakasvæðum. Aðstæður breytast gríðarlega hratt og því er ekki auðvelt að halda áætlunum. Í Aleppo hefur hjálparstarf raskast af og til vegna of mikillar áhættu starfsfólks. SOS Barnahorpin hafa þó getað verið í landinu allt stríðið og hjálparstarf hefur verið eins öflugt og mögulegt er hverju sinni.

Meðal verkefna er dreifing matvæla og vatns, menntun barna, barnvæn svæði og skjól fyrir yfirgefin börn sem leita ættingja sinna. Undanfarið hefur verið lögð áhersla á dreifingu vetrarfatnaðar.

Íslendingar hafa verið afar duglegir að styrkja sýrlensk börn á vegum SOS. Fjöldi fólks hefur svarað kalli samtakanna um aukna aðstoð og í nóvember styrkti utanríkisráðuneytið neyðaraðstoð SOS í Sýrlandi um 15 milljónir króna en að auki leggja SOS Barnahorpin á Íslandi til þrjár milljónir í verkefnið. Alls verður framlag samtakanna því 18 milljónir króna.



Frá barnvænu svæði í Aleppo



Starfsmaður SOS leikur við börn í Aleppo

# JARÐSKJÁLFTAR Í NEPAL



Miklar skemmdir urðu í jarðskjálftunum

SOS Barnaþorpin hafa starfað í Nepal frá árinu 1972 og eru með verkefni víðsvegar um landið. Í apríl á síðasta ári skók mannskæður jarðskjálfti landið og annar skjálfti fylgdi í maí á sama ári. 8.600 manns létu lífið vegna fyrri jarðskjálftans og 100.000 slösuðust. 500.000 fjölskyldur misstu heimili sín. Vegna langrar veru sinnar í landinu gátu SOS Barnaþorpin brugðist hratt við.

Ári eftir skjálftann höfðu SOS náð til 17.800 barna, ungmenna og fullorðinna. Samtökin settu upp barnvæn svæði, aðstoðuðu yfirgefin börn við að finna fjölskyldur sínar, endurbyggðu skóla og dreifðu skólagögnum. Einnig var öðrum nauðsynjum dreift til fjölskyldna, boðið var upp á námskeið og fjárhagsaðstoð og verið er að byggja varanleg heimili fyrir fjölskyldur sem misstu allt sitt í jarðskjálftunum.

Útanríkisráðuneytið styrkti SOS í Nepal um tæpar 10 milljónir til uppbyggingaverkefna þar í landi. Alls er styrkur Íslands til Nepal 10.5 milljónir.

Áætlað er að hjálparstarfi í Nepal ljúki árið 2018.

## VILBORG OG TOMASZ Í HEIMSÓKN

Vilborg Arna Gissurardóttir, göngugarpur og velgjörðarsendiherra SOS Barnaþorpanna, ferðaðist til Kathmandu, höfuðborgar Nepal, ásamt Tomasz Verusyni, rekstrarstjóra hjá 66°Norður og meðlimi í fulltrúaráði SOS. Þau styrkja strák í barnaþorpinu Kavre sem þau sóttu heim eftir að hafa klifið upp á topp Island Peak (6.189m) í október síðastliðnum.

Í þorpinu hittu þau styrktarbarnið sitt og vini hans, skoðuðu sig um og buðu upp á hlý fót frá 66°Norður fyrir komandi vetur.



Tomasz og Vilborg ásamt forstöðumanni þorpsins, Ujjwal og vini hans.



Ujjwal, styrktarbarn Vilborgar og Tomaszar



Ujjwal ásamt vini sínum



# SÉR EIN FYRIR SEX BÖRNUM OG EINU BARNABARNI

Selma er 37 ára og sér fyrir sex börnum sínum og einu barnabarni sem eru á aldrinum tveggja til sautján ára. Hún býr í Ondangwa í Norður Namibíu, en þangað flutti hún til að vera með eiginmanni sínum sem lést árið 2012. Selma var ekki löglega gift manni sínum og því átti hún að flytja af landi þeirra við andlátid, en sem betur fer leyfði fjölskylda eiginmannsins henni að vera þar áfram ásamt börnunum.

Selma hefur enga menntun og að sjá ein um fjölskylduna hefur reynst afar erfitt. Fjölskyldan býr í járnkofa sem skipist í tvö herbergi. Í kofanum er hvorki vatn né rafmagn. Selma kaupir vatn af nágrenniskonu sinni, eldar yfir opnum eldi og lýsir kofann upp með kertum á kvöldin. Eitt af því sem Selma hefur mestar áhyggjur af er að ekkert svæði er í kringum húsið sem börnin geta leikið sér á, en þau búa við stóra umferðargötu.

Árið 2013 hafði Selma samband við SOS í Ondangwa til að fá aðstoð. Fjögur af sjö börnum í umsjá Selmu voru á skólaaldri en hún hafði ekki haft tök á að senda þau í nám, sem hún hafði lokað sjálfri sér að gera. „Von mín var að taka þátt í tekjuöflunarverkefni SOS Barnaþorpanna svo ég gæti séð fyrir fjölskyldunni minni,“ sagði Selma.

## Hóf að afla tekna með hjálp SOS í landinu

Starfsmannateymi SOS sá strax að Selma ætti réttilega að verða hluti af verkefninu eins fljótt og mögulegt var. Hún hóf þátttöku með námskeiði í fjármálastjórnun, en fyrir marga þátttakendur í fjölskylduefningunni er þetta námskeið fyrstu kynni af fjármálastjórnun heimila.


Selma hóf svo að selja kökur svipaðar ástarpungum til að sjá fyrir fjölskyldunni og fékk hráefni til þriggja mánaða frá SOS Barnaþorpunum.

„Við bjóðum birgðir til þriggja mánaða, fylgjumst með framförum og leggjum til umbætur þegar erfitt er að ná markmiðum. Það var ljóst snemma í verkefninu að Selma sýndi mikið sjálfstæði í sínu verkefni,“ sagði Helena Nangombe, fulltrúi Fjölskylduefningarinnar í Ondangwa.

Nú eru fjögur elstu börnin í skóla. SOS styrkti skólabörnin um skólabúninga og tvö yngstu börnin fá leikskólagjöld greidd. „Ég er svo stolt af þeim,“ segir Selma, sem sækir börnin sín í leikskóla á hverjum degi.

Börnin fara í samfélagsmiðstöð SOS alla föstudaga og leika sér með öðrum börnum. Selma er ánægð með að þau hafi loks öruggan stað til að leika sér á.





Alda í nýja húsinu

## MUNIÐ ÞIÐ EFTIR ÖLDU?

Við skrifuðum síðast um Öldu í öðru tölublaði fréttablaðs SOS árið 2014. Alda býr í Gíneu Bissá og er einstæð sjö barna móðir. Þegar dóttir hennar, Kata, lamaðist eftir veikindi vildi faðir hennar að fjölskyldan myndi losa sig við Kötu eða drepa hana. Þegar Alda neitaði því fór faðirinn frá fjölskyldunni, og eftir stóðu Alda og börnin sem mættu miklu mótlæti frá samfélaginu vegna fordóma gagnvart fötluðum.

Alda hefur fengið stuðning frá SOS Barnaþorpunum frá árinu 2013. Hún deildi þessum myndum með okkur í nóvember sem sýna nýjasta afrakstur samstarfsins við SOS: Hús sem hentar Kötu, í skjóli frá fordómafullum nágörðum, fjármagnað með láni frá SOS Barnaþorpunum.



Alda fékk aðstoð frá SOS til að byggja sér hús

Viltu gerast Fjölskylduvinnur? Fjölskylduvinnur styðja við Fjölskylduefingu SOS með föstum mánaðarlegum framlögum. Nánari upplýsingar er hægt að finna á [www.sos.is](http://www.sos.is).

# HVÍTINGJAR Í TANSANÍU

Á ýmsum stöðum í Tansaníu eru líkamar hvítingja (einnig kallaðir albínóar) sagðir hafa töframátt og boða heppni. Í SOS Barnaþorpi í landinu hafa systkini sem áður voru ofsótt vegna þessa fundið öryggi.

Stjórnvöld í Tansaníu hafa talað gegn svartagaldri í landinu, meðal annars til að sporna við limlestingu og, í versta falli, lífláti hvítingja. Þar er einnig búið að banna óhefðbundnar lækningar sem oft innihalda líkamshluta hvítingja. Þessar reglur virðast þó ekki nægja því hvítingjaveiðar halda áfram.

## HÉR GETUR ENGINN NÁÐ ÞEIM

### Fundu öryggi í SOS Barnaþorpinu

Í höfuðborginni Dar Es-Salaam er trúin á töframátt hvítingja ekki eins útbreidd og á dreifbýlli svæðum í landinu og því leita margir hvítingjar landsins þangað. SOS reka þorp í útjaðri borgarinnar og þar búa systkinin Mela\* (9) og litli bróðirinn Abu\* (7) sem bæði eru hvítingjar.

Systkinin áttu ekki sjö dagana sæla áður en þau komu í þorpið. Þeim var næstum rænt af glæpagengi og faðir þeirra fór frá þeim við fæðingu Abu vegna þess að hann trúði að bölvun hvíldi á fjölskyldunni. Eftir stöðugan flóttu og erfitt líf komust börnin til SOS Barnaþorpsins þar sem vel var tekið á móti þeim. Í þorpinu hefur starfsfólk eytt miklum tíma í að ræða á uppbyggilegan hátt um muninn á staðreyndum og mýtum, og systkinin hafa ekki mætt fordómum í þorpinu.





## HVÍTINGJAR FÁ VERND

Ofbeldi og morð á hvítingjum fyrirfinnst í fleiri löndum í Afríku. SOS Barnaþorpin bjóða hvítingjum upp á skjól í mörgum barnaþorpum og í SOS verkefnum á svæðum þar sem vandamálið er til staðar.

Börn sem fá nýtt heimili í SOS fjölskyldu hafa afar ólíkan bakgrunn. Sum voru yfirgefin við fæðingu, einhver hafa misst mömmu sína og pabba og önnur eiga foreldra sem geta ekki séð um þau. En það sem þau eiga öll sameiginlegt er að SOS fjölskyldan er nýtt upphaf í lífi þeirra. Þannig var það fyrir Mela og Abu.

Samkvæmt fréttaveitunni CNN hafa 65 árásir á hvítingja verið tilkynntar í Malaví frá lokum ársins 2014 og Sameinuðu þjóðirnar segja að minnst 75 hvítingjar hafa verið myrtir í Tansaníu frá árinu 2000. Í Kenía hafa hvítingjar þurft að flýja svæði nálægt landamærum við Tansaníu af ótta við að vera veiddir af töfralæknum sem vilja selja líkama þeirra. Líkamar hvítingja geta verið seldir á allt að 75.000 dollara sem er gríðarlega há upphæð í löndum eins og Tansaníu.

### Verða fyrir árásum á götum úti

Þrátt fyrir bann gegn töfralæknum halda árásir áfram í Tansaníu. Í september varð aðalframkvæmdastjóri félags hvítingja í Tansaníu, Juma Moshi, fyrir árás af grímuklæddum mönnum. Samkvæmt Juma var honum haldið niðri á meðan að mennirnir reyndu að höggva handleggi og fótleggi af honum.

Litarleysi, eða albínismi, er erfðafræðilegt ástand sem um það bil ein af hverjum 20.000 manneskjum í heiminum býr við. Litarleysi er óalgengt í vesturheimi en er nokkuð algengt í Afríku sunnan Sahara. Samkvæmt Tanzania Albino Society eru yfir 40.000 hvítingjar í Tansaníu.

\*Nöfnum barnanna hefur verið breytt vegna persónuverndar.



Á heimili sínu í SOS Barnaþorpinu

# HVERT FÓRU FRAMLÖGIN?


Árið 2015 sáu Íslendingar til þess að munaðarlaus og umkomulaus börn í 108 löndum fengu öruggt uppeldi, fjölskyldu, ást og umhyggju. Alls voru framlög til þessara landa 317 milljónir frá styrktarforeldrum og fjölskylduvinum á Íslandi, en það eru rúmlega 45 milljónum hærrí upphæð en árið 2014.

Til viðbótar við framlög styrktaraðila sendi SOS á Íslandi rúmar 74 milljónir til verkefna erlendis. Þar má helst nefna fjölskylduefningu í Gíneu Bissá, sem SOS á Íslandi heldur uppi með aðstoð fjölskylduvina og utanríkisráðuneytisins, neyðaraðstoð eftir jarðskjálftann í Nepal, uppbyggingu eftir fellibyl á Filippseyjum og framlag til hjálparstarfs í Sýrlandi.

Hér má sjá upplýsingar um framlög styrktarforeldra til þeirra landa sem fengu meira en eina og hálf milljón króna frá Íslandi. Til að fá ýtarlegri upplýsingar má kíkja á heimasíðu SOS, [www.sos.is](http://www.sos.is).



1	Indland	41.577.043	15	Fílabeinsströndin	4.814.250	29	Víetnam	3.598.150
2	Sambía	11.559.895	16	Kambodía	4.808.750	30	Malí	3.521.750
3	Nepal	10.683.278	17	Bólívía	4.803.350	31	Búrúndí	3.514.750
4	Kenía	9.438.050	18	Filippseyjar	4.667.250	32	Senegal	3.431.100
5	Epíópía	8.854.600	19	Nígíría	4.599.500	33	Benin	3.320.050
6	Gana	7.048.950	20	Indónesía	4.597.100	34	Hondúras	3.292.500
7	Úganda	6.388.500	21	Simbabve	4.563.900	35	Sierra Leone	3.252.500
8	Botsvana	5.768.200	22	Rúanda	4.410.900	36	Palestína	3.059.750
9	Perú	5.582.600	23	Lýðveldið Kongó	4.387.822	37	Laos	2.997.500
10	Srí Lanka	5.550.500	24	Mexíkó	4.384.000	38	Rússland	2.920.500
11	Tansanía	5.514.500	25	Kína	4.020.500	39	Níkaragva	2.803.000
12	Tæland	5.118.550	26	Gambía	3.905.250	40	Mósambík	2.648.050
13	Malaví	5.055.050	27	Chile	3.762.350	41	Kosta Ríka	2.598.650
14	Bangladess	5.040.753	28	Gínea-Bissá	3.612.000	42	Gvatemala	2.589.200



43 Suður Afríka	2.448.500	57 Síryland	1.825.750
44 Marokkó	2.366.500	58 Jórdanía	1.769.600
45 Ekvador	2.254.000	59 Angóla	1.739.400
46 El Salvador	2.224.750	60 Svasíland	1.685.000
47 Brasilía	2.151.750	61 Grænhöfðaeyjar	1.638.250
48 Rúmenía	2.129.110	62 Haítí	1.549.750
49 Venesúela	2.092.250	63 Ungverjaland	1.500.450
50 Króatía	2.086.500		
51 Paragvæ	2.053.500		
52 Dóminíska Lýðveldið	1.913.950		
53 Tsjad	1.911.000		
54 Kólumbía	1.908.650		
55 Bosnía & Hersegovína	1.898.500		
56 Búrkína Fasó	1.878.000		

**SAMTALS: 317.563.823 KR.**

# HUGVEKJA

## FRÁ ELIZU REID, FORSETAFRÚ OG VELGJÖRÐARSENDIHERRA SOS Á ÍSLANDI

Sem móðir fjögurra ungra barna, og stjúpmóðir ungrar konu, veit ég hversu mikilvæg fyrstu ár barns eru fyrir þroska þess í framtíðinni. Öryggi, stöðugleiki og ást, sem börnum er sýnd á þessum fyrstu 1000 dögum (Svo ég fái línu frá Miðstöð foreldra og barna að láni), er nauðsynleg.

Ég hef verið heppin að fá tækifæri til að ferðast til ýmissa landa og sjá að marga skortir nauðsynjar á borð við skjól, mat og ást jafnvel þótt góður vilji sé fyrir hendi. Það er skylda okkar allra að styðja og hvetja yngstu kynslóðina eftir fremsta megni, bæði nær og fjær.

Það var mér því mikill heiður þegar fulltrúar SOS Barnaþorpanna á Íslandi báðu mig um að verða velgjörðarsendiherra fyrir samtökin.

Ög að sjálfsögðu styður fjölskyldan okkar nú þegar við barn á vegum SOS Barnaþorpanna. Joseph Ouoba býr í Ouagadougou, höfuðborg Búrkiná Fasó, og fæddist árið 2009, á sama ári og næstelsti sonur minn. Ég fékk tækifæri til að heimsækja Ouagadougou að hausti (okkar hausti, það er að segja) árið 2006, þar sem ég skoðaði skóla sem studdur var af hollenskri fjölskyldu sem ég þekkti. Ég naut verunnar í Ouagadougou og annars staðar í landinu og á minningar um fjölbreytt landslag, vingjarnlegt fólk og örláta gestrisni.

Ég hlakka til að kynnast Joseph og heyra meira af lífi hans í Ougadougou. Ég hlakka líka til að vinna með SOS Barnaþorpunum og mun gera mitt besta til að vekja athygli á því mikilvæga starfi sem þau sinna til að bæta aðstæður illa settra barna um allan heim.



# VALITOR

# UNGMENNARÁÐ SOS BARNABORPANA STOFNAÐ

Ungmennaráð SOS Barnaborpanna var stofnað nú í haust. Ungmennaráðið er vettvangur fyrir fólk á aldrinum 16-25 ára sem hefur áhuga á hjálparstarfi og réttindum barna. Ungmennaráðið er sjálfstæð eining sem starfar í nánu sambandi við starfsmenn SOS á Íslandi. Ráðið hittist að jafnaði aðra hverja viku.

Í dag eru 6 ungmenni í ráðinu og þrátt fyrir stuttan líftíma hefur ráðið nú þegar haldið fyrirlestur fyrir menntaskólanema, séð um veitingar fyrir viðburð SOS og skipulagt kakósölu til styrktar SOS.

Ungmennaráðið er kærkomin viðbót við SOS Barnaborpin og starfsmenn eru spenntir fyrir að starfa meira með ráðinu í framtíðinni.



*Hluti ungmennaráðsins ásamt forsetafrúnni við afhendingu fjölskylduviðurkenningar SOS Barnaborpanna*

# SAMSUNG

# BORGUN



**SOS  
BARNAPORPIN**

Öll börn vilja gott heimili



**SOS Barnaporpin óska þér og þínum gleðilegra  
jóna og farsældar á komandi ári.**

**Með þökkum fyrir stuðninginn á árinu sem er að líða!**

